

Frá hugmynd til kvikmyndar

ALLUR BEKKURINN

Hugmyndavinnan er grunnurinn að kvikmynd. Þið byrjið á því að horfa sameiginlega á dæmi um kvikmynd. Myndin fjallar um Norðurlöndin og var framleidd af dönskum ungmennum. Að því loknu gerið þið söguborð fyrir söguna ykkar. Þið finnið myndina á nordeniskolen.org/is/nordurloendingin-kalla/. Á meðan þið horfið á hana skuluð þið velta fyrir ykkur eftirfarandi:

- Um hvað fjallar myndin? Hvernig kemur söguþráðurinn fram?

Þegar þið hafið horft á myndina skiptið þið ykkur niður í hópana.

HÓPVERKEFNI

- Reynið að nota fáa tókustaði fyrir myndina.
- Myndið ykkur sjálf eða aðra. Tveir aðilar með mismunandi skoðanir geta t.d. sýnt fram á ákveðna deilu. Það er þó ekki krafa að sýna fólk í myndinni.
- Prófið fyrst hljóðið á staðinn, annars gæti gerst að þið klárið upptökuna og uppgötvið svo að t.d. hvinur í veðrinu yfirgnæfir allt annað hljóð. Takið einnig upp nokkurra sekúndna þögn í byrjun og lok hverrar töku, einkum ef fólk er að tala. Þannig hafið þið smá viðbótartíma til að vinna með þegar þið farið að klippa myndina.

AÐ MYNDA ANNAÐ FÓLK

Munið líka alltaf að biðja um leyfi ef þið myndið annað fólk (líka nemendur í skólanum), jafnvel þótt það sé aðeins í bakgrunninum. Íhugið það vel þegar þið ákveðið hvern þið þurfið að mynda og metið hvort þið þurfið yfirhöfuð að hafa manneskju í mynd.

SÖGUBORÐ

Ákveðið hlutverkaskiptingu í hópnum: Hver gerir hvað í framleiðslu kvikmyndarinnar? Fyllið út söguborðið (sjá fylgiskjal) með eftirfarandi upplýsingum:

TITILL

Finnið stuttan titil á myndina.

BOÐSKAPUR

Lýsið forsendunum. Hvað nákvæmlega viljið þið segja?

KVIKMYNDAFRÆÐILEGAR AÐFERÐIR

Munið að þið eigið að segja samfellda sögu og nota kvikmyndafræðilegar aðferðir. Teiknið atriðin í kassana: Hvað er að ske? Hvar erum við stödd? Og hverjir eru viðstaddir? Lýsið bæði senunum og kvikmyndafræðilegu aðferðunum á línunum fyrir neðan kassana.

KVIKMYNDAFRÆÐILEGAR AÐFERÐIR

Kvikmyndafræðilegar aðferðir eru þær leiðir sem notaðar eru í kvikmyndum til að nýta mynd og hljóð við frásögn og til að skapa stemningu. Yfirlitsmyndir má nota til að sýna landslag og lýsa umhverfi, en nærmyndir eru notaðar til að sýna smáatriði, svipbrigði og tilfinningar. Myndavél á hreyfingu getur skapað hasar á meðan kyrrstæð myndavél skapar ró. Á sama hátt geta hljóðbrellur og tónlist skapað og eftt tjáningu tilfinninga.

YFIRLITSMYND



Ljósmyndir: Skál, Cecilie Debell o.fl. (2021)

NÆRMYND



SÖGUBORÐ

TITILL _____

BOÐSKAPUR _____

Á línunum fyrir neðan hvert atriði lýsið þið stuttlega sögupræði og notkun kvikmyndafræðilegra aðferða.

ATRIÐI 1

ATRIÐI 2

ATRIÐI 3

ATRIÐI 4

ATRIÐI 5

ATRIÐI 6

DÆMI UM SÖGUBORÐ

TITILL Ung í Gentofte

BOÐSKAPUR Vinir eru það mikilvægasta í hinu daglega lífi

Á línunum fyrir neðan hvert atriði lýsið þið stuttlega söguþræði og notkun kvikmyndafræðilegra aðferða.

ATRÍÐI 1 Velkomin!



Við bjóðum áhorfendur velkomna.

Tökustaður: skólinn. Tekið upp í hálf nærmynd.

ATRÍÐI 2 Strætó



Við hittumst á stoppistöðinni og tökum strætó

í skólann. Nærmynd af öllum + tíminn sýndur (08:10).

ATRÍÐI 3 Skólinn



Kynning á daglegu lífi bekkjarins og hádegishlé.

Hálf nærmynd og nærmynd + tíminn sýndur (11:00).

ATRÍÐI 4 Dans



Við sýnum dans í íþróttahúsinu.

Nærmynd, hálf nærmynd og tónlist.

Tíminn sýndur (13:00).

ATRÍÐI 5 Frí



Eftir skóla segjum við frá því að við ætlum að

hanga á kaffihúsi. Nærmynd + tímarnir sýndir (13:50 + 14.30).

ATRÍÐI 6 Sjáumst!



Lokaorð með kveðju til áhorfenda.

Tökustaður: skólalóðin. Haldið á myndavélinni, tekið upp í hálf nærmynd og nærmynd.